

Fjall mánaðarins 2018 Fótfrár og Þrautseigur. 27. janúar verður gengið á Búrfell í Grímsnesi 534m.

Búrfell í Grímsnesi er móbergss tapi, aflangt frá norðri til suðurs. Afbragðs útsýni er af fjallinu yfir nágrennið sem er nokkuð sérstakt því sunnan við Búrfell er ein stærsta sumarhúsabyggð á landinu, við Álftavatn, í Þrastaskógi og á stóru svæði í Grímsnesi alveg niður að Hvítá. Uppi á fjallinu er kvos sem er forn gígur. Þar er dálítið vatn og segir sagan að tenging sé milli þess og Kersins í Grímsnesi. Í vatninu býr nykur sem fer á milli vatna og reynir að tæla menn til að setjast á bak sér og draga þá niður í undirdjúpin.



Upphafsstaður göngunnar er austan við túnin á bænum Búrfelli sem stendur sunnan undir fjallinu. Gengið er upp suðurhlíð fjallsins og haldið upp á brún þar sem litla vatnið blasir við. Síðan verður gengið umhverfis vatnið og haldið sömu leið niður.

Ekinn er Suðurlandsvegur (1) austur fyrir fjall. Rétt áður en komið er á Selfoss er farið til vinstri inn á Biskupstungnabraut (Laugarvatn 35). Ekið yfir Sog við Þrastalund. Eftir 1,6 km er farið til vinstri inn á Þingvallaveg (36) Ekið er 5,2 km uns komið er að Búrfellsvegi (351). Eftir honum er ekið 2,3 km að bænum Búrfelli. Þar leggjum við bílum á línuvegi sem liggur rétt fyrir austan bæinn Búrfell. Ekki skal aka heim að bæjum.

Gangan hefst kl. 10.30. Aksturstími úr Reykjavík er um 1.30 mín.

Gangan fram og til baka er 8 km. Hækkun göngunnar er 434 m.

Gera má gera ráð fyrir að hópurinn verði aftur við bíla um kl. 15.00.

Klæðnað og útbúnað þarf að miða við veður og aðstæður. Munið eftir hálkubroddum.

Örvar Aðalsteinsson

8993109

Ævar Aðalsteinsson

6965531

Ólafía Aðalsteinsdóttir

8622863

Einar Ragnar Sigurðsson

8998803

Pétur Ásbjörnsson

8987960

Sigrún Hallgrímsdóttir

6617746

Höskuldur Björnsson

8934870

Sigrún Konráðsdóttir

8919056